

Um okkur

Innsent af Administrator
Sunday, 01 October 2006
SÁ-Ást uppfært Sunday, 01 October 2006

Eigandi Fjarðasports og Veiðiflugunar er Samvinnufélag Útgerðarmanna í Neskaupstað. Samvinnufélagið eða SÚN eins og það er kallað var stofnað 1932 og verkefni félagsins var að selja útvegsmönnum salt og önnur aðföng á hagstæðara verði en kaupmenn staðarins buðu. Félaginu óx fljótt hryggur um hrygg enda þáttaka útgerðarmanna í stofnun þess almenn. Starfsemin var fjölbreytt og blómleg m.a. rak félagið frystihús og saltfiskverkun auk verslunar með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur. 1958 stóð SÚN fyrir stofnun Síldarvinnslunar hf.

Á seinni árum hafa umsvifin minnkað enda dótturfélagið Síldarvinnslan löngu búið að taka við af mömmu gömlu.

Verslun

félagsins sem löngum var nefnd SÚN búðin hefur nú nafnið Fjarðasport. Í september 2004 keypti SÚN rekstur og nafn Veiðiflugunnar ehf á Reyðarfirði og í apríl 2005 fluttist Veiðiflugan í glæsilegt húsnæði í verslunarmiðstöðinni Molanum á Reyðarfirði.

Bæði Fjarðasport og

Veiðiflugan eru glæsilegar verslanir með mikið úrval af sport og útivistarvörum eða flest sem nöfnum tjáir að nefna til veiða í lofti, láði og á legi auk þess að í báðum verslunum eru opnar vínbúðir.

Samvinnufélagið

er að auki með umboð fyrir Tryggingamiðstöðina í Neskaupstað, rekur Olíusamlag Útvegsmanna sem er með umboð fyrir Olíuverslun Íslands og fleirra mætti telja.

Lykilmenn á Samvinnufélaginu eru :

Freysteinn Bjarnason framkvæmdarstjóri SÚN freysteinn@tmumbod.is

Guðmundur E Ingvarsson versl.stj. Fjarðasport fjardasport@fjardasport.is

Björgvin þ Pálsson versl.stj. Veidiflugunnar veidiflugan@veidiflugan.is

Stjórnarformaður SÚN er Guðmundur Bjarnason.